

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 260/2004 um meistaranám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:
Í stað orðsins „rannsóknanámsnefnd“ í heiti greinarinnar svo og 1. og 3. ml. kemur orðið: vísindanefnd.
Í 2. ml. fellur niður „fjalla um umsóknir“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.
Í stað orðanna „til meistaranáms“ í 1. ml. kemur: um meistaranám.
Annar málslíður d) liðar fellur brott.

3. gr.

Í 1. og 2. ml. 5. gr. falla niður punktar í prófgráðuheiti „B.A.-prófi“ verður BA-prófi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.
2. og 3. ml. 2. mgr. breytast og verða svohljóðandi:
Hægt er að sækja um hlutanám við deildina og skal þá tekið fram í umsókn hvenær nemandi hyggst ljúka námi en námstími getur ekki verið lengri en 6 ár. Ljúki nemandi ekki hlutanámi innan 6 ára skal hann sækja um framlengingu á námstíma til viðkomandi skorar.
Þriðji málslíður greinarinnar verður fjórði.

5. gr.

4. ml. 1. mgr. 7. gr. breytist og verður svohljóðandi:
Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 5e í lesnámskeiðum að öðru jöfnu.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 11. gr.
Við 1. mgr. bætast þrjú málslíðir svohljóðandi:
Prófdómari skal senda inn skriflegt mat um meistaraverkefni til skrifstofu félagsvísinda-
deildar. Deildarskrifstofa sendir mat áfram til viðkomandi nemanda og geymir afrit. Skorur er heimilt að setja sérstakar reglur um kynningu meistaraverkefna og vörn.

7. gr.

5. ml. 12. gr. breytist og verður svohljóðandi:
Lokaverkefnum í meistaranámi og hliðstæðu námi skal skila í þremur eintökum, í kápu félagsvísindadeildar, og kostar deildin ljósritun eins eintaks.

8. gr.

Í prófgráðuheitum falla niður punktar, (cand.psych.) verður (cand psych) og (M.A.) verður (MA).

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í félagsvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 30. ágúst 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2007